

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um kínverska rannsóknamiðstöð.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

- Hvernig hefur starfsemi rannsóknamiðstöðvar sem Heimskautastofnun Kína (PRIC) rekur á Kárhóli verið metin út frá mögulegum áhrifum á þjóðaröryggi? Telur ráðherra ástæðu til að hafa áhyggjur af starfseminni?
- Hvaða samráð átti sér stað við samstarfsaðila Íslands í þjóðaröryggismálum, þar á meðal á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, áður en rekstur miðstöðvarinnar var heimilaður? Lýstu þeir aðilar áhyggjum af starfseminni?
- Hvaða skilyrði settu stjórnvöld fyrir starfsemi miðstöðvarinnar út frá þjóðaröryggissjónarmiðum? Hvernig er því fylgt eftir að starfsemin uppfylli þau skilyrði?
- Hvaða eftirlit hafa stjórnvöld með starfsemi miðstöðvarinnar út frá þjóðaröryggi?

Skriflegt svar óskast.